

Dómsorð:

Fresta skal ákvörðun um refsingu ákærða, Magnúsar Einarssonar, og fellur refsíákvörðun niður, að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, samanber 4. gr. laga 22/1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 2.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 6. desember 1965.

Nr. 204/1964. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Matthíasi Friðþjófssyni

(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáramur Hæstaréttar.

Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið teknar fyrir dómi skýrslur af vitnunum Ingimundi Björnssyni, Þorbjörgu Guðbrandsdóttur og Sigurði Helga Pálssyni.

Vitnið Ingimundur Björnsson kveðst aðfaranótt 26. júlí 1964 hafa verið staddur í bil sínum við Ásveg á Raufarhöfn ásamt unnustu sinni, Þorbjörgu Guðbrandsdóttur, Eiríki Guðmundssyni og Nínu Gautadóttur. Kom ákærði þá í bil sínum, nam staðar við hlið á bil vitnisins, kallaði út um glugga bilsins til Nínu Gautadóttur og bað hana að tala við sig. Fór Nína þá úr bil vitnisins og yfir í bil ákærða. Kveðst vitnið ekkert hafa talað við ákærða að þessu sinni og hvorki fyrr né síðar þessa nótt. Kveður vitnið sér hafa

verið algerlega ókunnugt um, hvort ákærði var ölvaður eða allsgáður í þetta skipti.

Vitnið Þorbjörg Guðbrandsdóttir var í bíl vitnisins Ingi-mundar, þegar ákærði kallaði til Nínu Gautadóttur, eins og að framan er lýst. Kveður vitnið það hafa verið álit sitt, að ákærði hafi þá verið undir ölvunaráhrifum. Hafi hún einnig séð ákærða fyrr um kvöldið drekka vín í bíl sínum niðri við samkomuhúsið á Raufarhöfn.

Vitnið Sigurður Helgi Pálsson lögreglumaður kveðst hafa komið að samkomuhúsinu á Raufarhöfn umrædda nótt, þegar dansleiknum var að verða lokið. Var hann þá ekki að gegna lögreglumannsstörfum. Hitti hann ákærða utan við samkomuhúsdyrnar, og bauð ákærði honum vín, en hann kveðst hafa afþakkað það. Kveðst vitnið vera nákunnugt ákærða frá barnæsku, og sé það sannfært um, að ákærði hafi að þessu sinni verið eitthvað undir áfengisáhrifum, kveðst hann hafa merkt það af talsmáta og látbragði ákærða, sem hafi verið afbrigðilegt frá því, sem sé, þegar hann sé allsgáður.

Öll hafa vitni þessi staðfest vætti sitt með eiði.

Ákærða voru kynntar fyrir dómi framangreindar vitna-skýrslur. Hann kannaðist ekki við að hafa verið ölvaður, en kvaðst hafa söpið 3—4 sinnum á brennivínsblöndu um nóttina.

Samkvæmt framansögðu hafa hin nýju gögn frekar styrkt en veikt niðurstöðu héraðsdóms. Ber með skírskotun til forsendna hans og hinna nýju gagna að staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 7.000.00, og laun verjanda síns, kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Matthías Friðþjófsson, greiði allan áfrýjunar-kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 7.000.00, og laun verjanda síns þar, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Þingeyjarsýslu og Húsavíkur 13. október 1964.

Árið 1964, þriðjudaginn 13. október, kl. 1300, var í sakadómi Þingeyjarsýslu og Húsavíkur, sem haldinn var í skrifstofu embættisins af Jóhanni Skaptasyni, sýslumanni og bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 59/1964: Ákærvaldið gegn Matthíasi Friðþjófssyni, sem dómtekið var 10. þ. m.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 31. ágúst 1964, gegn Matthíasi Friðþjófssyni bifreiðarstjóra, Hljóðakletti, Raufarhöfn, fyrir að hafa aðfaranótt sunnudagsins 26. júlí 1964 á Raufarhöfn og þar í grennd:

- I. Neytt áfengis við akstur bifreiðarinnar Þ 1202 og ekið henni þar um, enda þótt hann væri þá undir áhrifum áfengis og gæti því ekki stjórnað bifreiðinni örugglega.
- II. Afhent og veitt stúlkunni Nínu Gautadóttur, fæddri 28. júní 1946, áfengi til drykkjar.

Er athæfi það, sem greinir undir lið I, talið varða við 1. og 2. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Athæfi það, er greinir í lið II, er talið varða við 1. mgr. 16. gr. sbr. 41. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 20. nóvember 1935 að Skinnalóni í Presthólahreppi, Norður-Þingeyjarsýslu. Hann hefur sætt eftirgreindum refsingum:

- 1953 17/8 Þingeyjarsýslu: Sátt, 1000 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. áfengislaganna.
- 1954 9/4 Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 254. og 244. gr. hegningarlaganna.

1960 20/9 Þingeyjarsýslu: Sátt, 100 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

1962 31/7 Þingeyjarsýslu: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga.

Málavextir eru, sem hér greinir:

Aðfaranótt sunnudagsins 26. júlí s.l. var ákærði á dansleik á Raufarhöfn. Hefur hann viðurkennt, að hafa neytt áfengis á dansleiknum og hafa fundið til áfengisáhrifa.

Á dansleik þessum var einnig stúlkan Nína Gautadóttir, fædd 28. júní 1946, starfsstúlka hjá Gunnari Halldórssyni h/f. Var hún ölvuð.

Eftir dansleikinn fór ákærði að aka bifreið sinni, Þ 1202, og um nóttina tók hann Nínu Gautadóttur upp í bifreiðina. Milli kl. 4 og 5 um nóttina komu þau akandi að íbúðarbragga Gunnars Halldórssonar h/f, þar sem Nína fór inn og ákærði rétt á eftir. Honum var vísað út úr bragganum af vaktmanni, og ók hann þá brott í bifreið sinni. Var Nína Gautadóttir í fylgd með honum.

Vitnin Magnús Sigurjón Þorsteinsson og Pétur Jóhannsson, sem bæði sáu ákærða inni í íbúðarbragganum og sáu hann aka bifreið sinni á braut, hafa borið, að þeim hafi virzt ákærði vera greinilega með áfengisáhrifum. Marka vitnin það af persónulegum kynnum af ákærða, daufu augnayfirbragði og óeðlilega hvatkeytislegum akstri, er hann ók í burtu frá íbúðarbragganum.

Ákærði ók nú með stúlkuna nokkuð fram fyrir þorpið. Var stúlkan allölvuð. Urðu þau ósátt í ferðinni, og kom til nokkurrar viðureignar með þeim. Benda þau viðskipti ekki til þess, að þar hafi allsgáður maður átt hlut að máli. Stúlkan hefur borið, að í ferð þessari hafi ákærði veitt henni áfengi úr flösku, er hann hafði meðferðis í bifreiðinni, og hefur ákærði viðurkennt það. Þá hefur stúlkan og borið, að ákærði hafi sjálfur neytt áfengis í ferðinni, en því hefur ákærði neitað. Hann segist að vísu hafa einu sinni borið flöskuna að vörum sér til þess að þóknast stúlkunni, en ekkert hafi hann drukkið af innihaldinu.

Það verður að teljast sannað með framburði vitna og játningu ákærða, að hann hefur gerzt brotlegur við þau lagaákvæði, er í ákæru greinir og rakin eru hér að framan.

Refsing hans samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og 41. og 45. gr. áfengis laga þykir hæfilega ákveðin kr. 3.000.00 í sekt til ríkissjóðs. Komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Þá þykir hæfilegt að svipta ákærða ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingardegi dóms þessa. Er ökuleyfissviptingin samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Matthías Friðþjófsson, greiði krónur 3.000.00 í sekt til ríkissjóðs. Komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Hann er sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingardegi dóms þessa.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. desember 1965.

Nr. 82/1965. **María Kristmundsdóttir**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Jónu Sigmundsdóttur og gagnsök

(Ragnar Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Búskipti. Fjármál hjóna.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. apríl 1965. Krefst hún þess, að hinum áfrýjanda úrskurði verði hrundið og að fjárkrafa gagnáfrýjanda verði ekki tekin til greina við búskipti aðaláfrýjanda og Sigmundar M. Andréssonar. Svo krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 26. maí 1965. Krefst hún staðfestingar hins áfrýjanda úrskurðar og